



4. FÆRSLUR (Posts)

Hvernig set ég inn færslu (post) á Teams rásinni minni?

1. Til að setja inn skilaboð á Teams rás (til þeirra sem eru í rásinni) smellir þú á viðeigandi rás og síðan á **Hefja færslu** (Start a post).
2. Þá opnast gluggi þar sem þú velur efnislínu (e. Subject) og skrifar svo skilaboðin.
3. Ef smellt er á **+** merkið neðst í glugganum er hægt að bæta inn viðhengi, tímasetja skilaboðin og merkja þau sem mikilvæg – ef við á.




4. Ef þú vilt að skilaboðin eigi sérstaklega við einhverja ákveðna í hópnum og þú vilt merkja þessa aðila í skilaboðunum setur þú inn @-merkið og skrifar nafn eða netfang viðkomandi.

Tilkynningar um færslur

ATH. Þú getur stillt hvort og hvernig tilkynningar þú færð þegar einhver setur inn færslu (post) á rásirnar þínar, bæði þær sem þú stofnar – og tilheyrir. Hægt er að hafa ólíkar stillingar fyrir sérhverja rás ef þörf er á.


1. Til að stilla tilkynningar smellir þú á þrípunktinn hægra megin við nafn rásar og velur **Tilkynningar fyrir rás** (Channel notifications).



2. Þá opnast gluggi þar sem þú getur valið hvort og hvernig þú færð tilkynningar um nýjar færslur eða þegar minnst er á þig í færslu.
3. Möguleikarnir eru:
 - **Slökkt** (Off): Þú færð engar tilkynningar
 - **Sýna aðeins í straumi** (Only show in feed): Tilkynningar birtast undir **Aðgerðir** (Activity) – efst á tækjastiku vinstra megin)
 - **Borði og straumur** (Banner and feed): Tilkynningar birtast undir **Aðgerðir** og líka á tölvuskjánum sem pop-up gluggi)

Hvernig pósta ég á fleiri en einni rás í einu?

1. Þú byrjar á hefðbundinni færslu (sjá: „**Hvernig set ég inn færslu (post) á Teams rásinni minni?**“).
2. Smelltu svo á Stillingar táknið (vinstra megin við ruslafötu táknið uppi í hægra horninu). Þar velur þú **Birta í - Margar rásir (Post in – Multiple channels)**



3. Þá birtist lítill gluggi/hnappur í Efnislínu með upphafsstöfum á rásinni sem þú ert í. Smelltu á **+** táknið þar vinstra megin við og hakaðu við rásirnar sem þú vilt að birti færsluna.

Næst smellir þú á **Uppfæra** (Update) og lýkur svo við færsluna.